



234. fundurí stjórn Sorpstöðvar Suðurlands bs. haldinn þann 6. október 2014, kl. 10:00 að Austurvegi 56, Selfossi.

Mætt eru: Gunnar Egilsson, Ari Thorarensen, Guðfinna Þorvaldsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir sem ritaði fundargerð í tölvu.
Aðalsteinn Sveinsson boðaði forföll og ekki náðist í varamann hans.
Hér var gengið til dagskrár.

1. Ársreikningur ársins 2013 lagður fram.

Rekstrarhagnaður ársins er 11,3 mkr en áætlun gerði ráð fyrir 36 þúsund króna rekstrarhagnaði. Handbært fé frá rekstri er 7,2 mkr, hækkun handbærs fés á milli ára nemur 28,7 og skýrist það að stærstu leyti af sölu eigna.

Ársreikningur samþykktur og undirritaður af stjórn.

2. Fjárhagsáætlun 2015 lögð fram.

Stjórn samþykkir eftirfarandi gjaldskrá vegna ársins 2015:

Umsýslugjald verði óbreytt árið 2015, 0,76 kr pr. kg án vsk eða 0,95 m/vsk.
Fyrir hvert kg. sem skilað er í Gufunes eða Álfsnes greiðist samkvæmt gjaldskrá SORPU á hverjum tíma.

Stjórn gerir það að tillögu sinni að sveitarfélögin fái styrk á árinu 2015 sem nemur 15 mkr til kynningar á flokkun og sorphirðu og til aðgerða sem aukið geta þátttöku íbúa í flokkunarverkefnum og áhuga þeirra á og meðvitund á mikilvægi sorpflokkunar í aðildarsveitarfélögunum.

Upphæðinni verði skipt í samræmi við íbúafjölda þann 1. janúar 2015. Mánuði fyrir næsta aðalfund Sorpstöðvar Suðurlands skili sveitarfélögin skýrslu til stjórnar um nýtingu fjárins.

Stjórn samþykkir að leggja framlagða fjárhagsáætlun fyrir aðalfund.

3. Samningur við Sorpu.

Formanni falið að ganga frá framlengingu á óbreyttum samningi við Sorpu um urðun.

4. Aðalfundur Sorpstöðvar Suðurlands

Aðalfundur verður haldinn 22. október kl. 9 á Kirkjubæjarklaustri.
Formanni falið að ganga frá skýrslu stjórnar í samvinnu við stjórnarmenn og senda fulltrúum gögn innan tilskilins frests.

Í lok fundar þakkaði Guðfinna gott samstarf undanfarinna ára en hún hefur nú hætt þátttöku í sveitarstjórnarmálum. Stjórnarmenn aðrir þökkðu einnig gott samstarf í stjórn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:15